



Reykjavík, 28. október 2024

VEL24100033

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Samningar og nýting sveitarfélaga á neyðarskýlum Reykjavíkurborgar*

Eftirfarandi sveitarfélög eru með samning við Reykjavíkurborg vegna gistináttá í neyðarskýlum borgarinnar:

- Akureyri
- Árborg
- Borgarbyggð
- Fjarðarbyggð
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Hveragerði
- Kópavogsbær
- Mosfellsbær
- Mýrdalshreppur
- Norðurþing
- Reykjanesbær
- Seltjarnarnesbær
- Skaftárhreppur
- Stranda,- og Reykhólahreppur

Íbúar eftirfarandi sveitarfélaga hafa nýtt neyðarskýli frá árinu 2022-2024 en eru án samninga. Innan sviga má sjá nýtingu sl. 3 ár:

- Skeiða,-og Gnúpverjahreppur (4 nætur)
- Snæfellsbær (2 nætur)
- Rangárþing Ytra (2 nætur)
- Kaldrananeshreppur (4 nætur)
- Ísafjarðarbær (19 nætur)
- Höfðahreppur (59 nætur)
- Húnaþing Vestra (82 nætur)
- Grímsnes- og Grafningshreppur (2 nætur)
- Grindavíkurbær (4 nætur)
- Eyjafjarðarsveit (4 nætur)
- Dalvíkurbyggð (6 nætur)
- Dalabyggð (2 nætur)
- Vestmannaeyjar (10 nætur)
- Tálknafjarðarhreppur (11 nætur)
- Sveitarfélagið Ölfus (5 nætur)
- Sveitarfélagið Skagafjörður (8 nætur)
- Ólafsfjörður (6 nætur)



Reykjavík



Sveitarfélög sem hafa sagt upp samning eru:

- Suðurnesjabær. Samningi sagt upp í september sl. (er með 77 nætur árið 2024)
- Samningur við Akrahrepp datt út þar sem að sveitarfélagið sameinaðist Skagafirði.

Alls eru þetta því 230 nætur sem að íbúar sveitarfélaga án samnings hafa nýtt neyðarskýli á tímabilinu 2022-2024. Ofangreind sveitarfélög sem ekki eru með samning hafa greitt fyrir gistinætur, en þó er hluti af skuld Vestmannaeyjabæjar ógreiddur vegna nýtingar á síðustu tveimur árum, sbr. fylgiskjal.

Útistandandi skuldir sveitarfélaga eru um 8 m.kr. en þar er að nær öllu leyti um að ræða kröfur sem hafa gjaldfallið fyrir 2-4 árum vegna nýtingar sveitarfélaganna Vestmannaeyjabæjar, Grindavíkurbæjar, Fjallabyggðar og Húnaþings Vestra, sbr. fylgiskjal.

Samtals útistandandi skuld Vinnumálastofnunar er 2 m.kr., en Vinnumálastofnun hefur hafnað greiðslu og er málið í kærufæri í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Varðandi tekjur Reykjavíkurborgar af gistináttgjaldi þá er búið er að senda kröfur upp á alls 84 m.kr. fyrir árið 2023 og á árinu 2024 fram til 1. október eru tekjur um 69 m.kr., sbr. fylgiskjal. Tekjur eru áætlaðar og bókaðar á kostnaðarstaði neyðarskýlanna.

Þess má geta að á tímabilinu árið 2023 til dagsins í dag hafa 18 af þeim aðilum sem áttu lögheimili utan Reykjavíkur fyrstu mánuðina sem dvalið var í Gistiskýlunum og Konukoti, fært lögheimili sitt til Reykjavíkur. Málaflokkur HMFÞ (heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir) fylgist með breytingum á skráningum og upplýsir Þjóðskrá ef grunur liggur fyrir um óréttmæta skráningu í Reykjavík.

Fylgiskjal:

Samantekt um nýtingu sveitarfélaga í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar, október 2024